

Kennsluáætlun í íslensku

3.bekkur

Veturinn 2019 – 2020

Námsgrein: Íslenska

Árgangur 2011

Kennari: Sigríður Bjarney Guðnadóttir og Steinunn María Þórsdóttir

Námsefni:

- ❖ Ýmsar lestrarbækur sem henta í Byrjendalæsi
- ❖ Ýmis ljósrituð verkefni
- ❖ Verkefna – og úrklippubókin
- ❖ Stóra sögubókin mín
- ❖ Litla lesrún

Bækurnar / efnispættir:

- **Byrjendalæsi:** Sú kennsluaðferð sem lögð er til grundvallar í lestrarkennslu nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Viðhorf til náms og kennslu í Byrjendalæsi eru í anda hugsmíðahyggju sem gengur í raun út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna. Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Ýmist er unnið með fjölbreytt námsgögn, spil, ljósrituð verkefni, sögubók eða verkefna- og úrklippubækur.

Grunnstoðir Byrjendalæsis

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Nám er félagslegt ferli - samvinna
- Unnið út frá gæðatexta – alvöru bækur, alvöru texti
- Einstaklingsmiðun í kennslu
- Nám án aðgreiningar
- Samvinna nemenda í námi

Helstu kennsluáðferðir: Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku, kennari les fyrir nemendur, unnið með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Mikið unnið í hringekju, paravinnu og á vinnusvæðum. Verkefni eru getuskipt eftir getu hvers og eins.

Samþætting námsgeina: Textar og verkefni samþætt við fjölið, náttúru- og samfélagsfræði

Lestur: Yfirferð í lestri miðast við getu hvers og eins en stefnt er að því að sem flestir lesi grunnefni vetrarins. Ætlast er til þess að nemendur lesi 5 daga vikunnar heima. Hver nemandi les u.þ.b. 1- 2 sinnum í viku í skóla fyrir kennara/stuðningsfulltrúa.

Námsmat: Vinnusemi og virkni í tímum. Hraðlestrarpróf einu sinni á önn. Unnið verður með málfræði, lesskilning og stafsetningu.

Tímabil	Bækur og atburðir	Hæfni samkvæmt aðalnámsskrá
	verk bækur, útvinnna, ýmislegt, Uppeldi til ábyrgðar	
	Eldfærin og orðaskyggir	2. hafa bætt nafnorðakunnáttu sína 1. geta glöggvað sig á samsettum orðum og búið til samsett orð

		4. ritun - Læra hvernig byrja eigi setningar/málsgreinar 4. ritun - Þjálfari notkun ritunarramma 1. lestur og bókmenntir - Æfi sig að fletta upp í orðabók
	Epiln hans Peabodys (ekki fös)	4. ritun - Efla sjónrænt mynni á ritun orða 3. Talað mál, hlustun og áhorf - Þjálfari framsögn 4. geta skrifað einfaldar setningar eftir upplestri
	Helgi skoðar heiminn	1. geta tengt setningabrot saman 2. hafa styrkt sagnorðabekkingu sína 4. geta skrifað leiðarlýsingu úr nærumhverfi
	sama	
	Þegar litirnir fengu nóg	2. hafa bætt nafnorðakunnáttu sína 1. andheiti og samheiti 1. geta sett viðeigandi lýsingarorð við nafnorð
	sama	
	Bangsi gamli	4. geta skrifað einfaldar setningar frá sjálfum sér 4. geta skrifað einfalda lýsingu á persónu
	sama Bangsadagur á föst. skoða samvinnu við Nönnu	-ll-
	vinabema (sjá tilfinningar í möppu) - Vinaleitin	2. þekkja helstu greinarmerki og geta beitt þeim 1. geta nýtt sér landakort og leiðbeiningar af ýmsu tagi 4. geta skrifað stutt samtal
	sama 8. nóv dagur eineltis, vinaleitin? Álfur	-ll-
	Dagur íslenskrar tungu þann 16. nóv	Orðtök og málshættir
	Íslensku jólasveinarnir	

Til glöggvunar

Hæfni er sett upp í eftirtalda flokka:

1. Lestur og bókmenntir
2. Málfræði
3. Talað mál, hlustun og áhorf
4. Ritun

Birt með fyrirvara um breytingar